



Umhverfisskýrsla

Viðauki við breytingu á Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 (Nú Norðurþing)

OKTÓBER 2009



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Efnisyfirlit

Samantekt umhverfisskýrslu	ii
Inngangur	1
Vinnulag.....	1
Umfang áætlunarinnar	2
Helstu stefnumið og tengsl við aðrar áætlanir	2
Staðhættir	4
Umhverfisvernd og svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.....	5
Mat á áhrifum.....	5
Náttúrufar	5
Menningarminjar.....	6
Samfélag	7
Óbreytt landnotkun líkleg þróun án framfylgdar áætlunar	8
Mótvægisáðgerðir	8
Vöktun.....	8
Heimildir	9

Samantekt umhverfisskýrslu

Breytingin felur í sér nánari útfærslu á stefnu Aðalskipulags Húsavíkurbæjar 2005-2025 varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir innan Norðurþings sem ákvarðaðar hafa verið í sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum. Breytingar eru gerðar á staðsetningu háspennulína, veglínu Reykjaheiðarvegur og iðnaðarlóð við Bakka stækkuð. Staðsetning háspennulína og virkjunarvegur var ákvörðuð með Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Einnig er mörkuð stefna um 11 efnistökusvæði vegna virkjunarvegur og háspennulína.

Bakkafjara og Bakkahöfði ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi eru á náttúruminjasrá. Háspennulínur, virkjunarvegur og efnistökusvæði eru innan vatnasviðs Laxár og svæða sem eru skilgreind sem grann- og fjarsvæði vatnsbóla. Virkjunarvegur fer yfir Þeistareykjahraun sem nýtur sérstakrar verndar. Votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka fellur undir skilgreiningu laga um náttúruvernd um sérstaka vernd mýra og flóa þar sem mýrin er yfir 3 ha að stærð.

Fjarlægð íbúðarbyggðar að iðnaðarsvæði við Bakka styttest. Mannvirkjagerð veldur varanlegri röskun á landi og ný mannvirki breyta ásýnd þess sem getur með því haft neikvæð áhrif á upplifun á áhrifasvæði breytinganna. Það hefur varanleg neikvæð áhrif á náttúrufar að taka landsvæði sem njóta sérstakrar verndar undir mannvirki. Við val á efnistökusvæðum var dregið úr áhrifum með því að staðsetja efnistökusvæði í nágrenni framkvæmdasvæða og huga að verndargildi og sýnileika. Talið er að efnistaka og framkvæmdir sem hér er mörkuð stefna um muni hafa óveruleg áhrif á vatnsból og vatnasvið Laxár.

Farið hefur fram skráning á fornleifum. Talið er að áhrif á menningarminjar á iðnaðarlóð geti orðið varanleg neikvæð, en óvissa er um hvert umfang áhrifa verði af uppbyggingu nýrra mannvirkja. Jafnframt er óvissa um hvort áhrifa muni gæta á menningarminjar á áhrifasvæði háspennulína.

Uppbygging virkjunarvegur bætir aðkomu að fyrirhuguðu útivistarsvæði við Höskuldsvatn og að háhitasvæði við Þeistareyki. Gera má ráð fyrir aukinni umferð um Þverholt annars vegar tímabundið á framkvæmdatíma og hins vegar varanlega vegna betri vegar um Reykjaheiði að útivistarsvæðum. Umferð um Þverholt er talin hafa tímabundin neikvæð áhrif á íbúðarbyggð á framkvæmdatíma. Ekki er talið að ónæði vegna umferðar um Reykjaheiðarveg að framkvæmdum loknum muni hafa áhrif á íbúðarbyggð í nágrenni Þverholts umfram það sem hlutverk hans gerir ráð fyrir.

Fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar um að stuðla að atvinnu innan sveitarfélagsins og víðar á Norðausturlandi.

Hvert umfang áhrifa verður og hvort áhrifa mun gæta á aðra umhverfisþætti vegna fyrirhugaðra framkvæmda er ekki hægt að segja til um á þessu stigi. Það verður háð útfærslu. Gerð er grein fyrir útfærslu framkvæmda og áhrifum þeirra í deiliskipulagi iðnaðarlóðar, við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og í sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulaginu verði því beint til framkvæmdaaðila að í stað auðlinda er felast í gróðri og jarðvegi sem glatast við framkvæmdir er brýnt að framkvæmdaaðilar komi af stað gróðri og/eða hraði gróðurframvindu á lítt grónu eða örfokaland þannig að verði gróðurfarslega ígildi þess lands sem raskast.

Vegna skerðingar á votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka verður því beint til framkvæmdaaðila að endurheimta jafnstórt votlendi og mun raskast í nágrenni Bakka.

Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun af hálfu sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulaginu.

Inngangur

Unnið er að breytingu á Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025 varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir innan Norðurlands sem ákvarðaðar hafa verið í sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum þ.e. fyrirhugað álver á Bakka við Húsavík, háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka og virkjunarveg frá Húsavík að Þeistareykjavirkjun sem hluta af mati á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar. Einnig er mörkuð stefna um efnistökusvæði vegna virkjunarvegar og háspennulína.

Staðsetning háspennulína og virkjunarvegar var ákvörðuð með Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Þeistareykir ehf. og Landsnet hafa óskað eftir því að efnistökusvæði vegna virkjunarvegar annars vegar og hins vegar háspennulína verði tekin inn í aðalskipulag sveitarfélagsins. Með erindum þeirra fylgdu greinargerðir dags. 17. nóvember og 25. nóvember 2008. Fram kemur að við val á efnistökusvæðum var litið til efnisgæða, flutningsvegalengdar, verndargildis og sýnileika (Mannvit, 2008a og 2008b). Eitt svæðanna liggur innan Norðurlands en utan skipulagsmarka aðalskipulags Húsavíkurbæjar og því ekki tekið inn í þessa breytingu.

Í mars 2009 óskaði Alcoa eftir því að iðnaðarlóð við Bakka yrði stækkuð til suðurs auk þess að svæðið yrði skilgreint sem þynningarsvæði álversins. Fram kemur í erindi Alcoa að umbeðin afmörkun svæðisins byggist á niðurstöðum rannsókna á jarðfræði svæðisins og útreikningum á dreifingu útblásturs frá álveri allt að 346.000 tonn að stærð.

Í þessari umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir samræmi tillögunnar við fyrirbyggjandi skipulagsáætlanir en einnig er fjallað um náttúruvernd. Fjallað er um líkleg áhrif þeirra breytinga sem mörkuð er stefna um í samræmi við hlutverk og nákvæmni áætlunarinnar. Þar sem við á er vísað til umfjöllunar í deiliskipulagi eða mati á umhverfisáhrifum framkvæmda þar sem greint er frá nánari útfærslu þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru.

Vinnulag

Haft var samráð við Skipulagsstofnun um umfang og nákvæmni umhverfisskýrslu í júní 2008.

Unnið var í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Ekki var farið í sérstakar rannsóknir vegna umhverfismats áætlunarinnar. Stuðst var við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand, sem greint var frá í forsendum Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 og í tillögu að matsáætlun fyrir háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Einnig var stuðst við niðurstöður eftirtalinnna rannsókna sem fram hafa farið af hálfu framkvæmdaraðila:

- Skráning á fornleifum á iðnaðarsvæði við Bakka og áhrifasvæði háspennulína og virkjanavega,
- úttekt á gróðri á iðnaðarsvæði við Bakka
- forúttekt á efnistökusvæðum.

Einkennum og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er lýst í samræmi við nákvæmni og hlutverk þessarar áætlunar. Þar sem við á er greint frá því hvort áhrif verði jákvæð, neikvæð, óveruleg eða hvort óvissa ríkir um hugsanleg áhrif og/eða hvort þau séu háð nánari útfærslu framkvæmda. Einnig er greint frá varanleika.

Við mat á áhrifum var litið til umhverfisverndarmarkmiða stjórnvalda og gildandi stefnu aðalskipulagsins og Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

Umhverfisskýrsla verður viðauki við greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar og hlýtur sömu málsmeðferð.

Umfang áætlunarinnar

Umfang aðalskipulagsins miðast við sveitarfélagamörk fyrrum Húsavíkurbæjar.

Breytingar eru gerðar á:


- Legu Þeistareykjalínu 1. Færist til vesturs af Höskuldsvatni og kemur inn í Norðurþing um Jónsnípuskarð en ekki austan Höfuðreiðarmúla, sjá mynd 1.
- Legu Hólasandslínu 1. Hliðrast til austurs á um 10 km svæði milli Rauðhálsa og Grjótgils, sjá mynd 1.
- Veglínu Reykjaheiðarvegur. Breytt á um 2,5 km kafla norðvestan Höskuldsvatns, sjá mynd 1.
- 11 ný efnistökusvæði eru skilgreind. Flest þeirra liggja að vegi og/eða háspennulínum, sjá skipulagsupprátt.
- Iðnaðarlóð við Bakka. Megin breyting felst í stækkun til suðurs, sjá skipulagsupprátt.

Helstu stefnumið og tengsl við aðrar áætlanir

Hér á eftir er greint frá fyrirliggjandi stefnumörkun varðandi þá þætti sem aðalskipulagsbreytingin nær til í gildandi skipulagsáætlunum og áhrifum á skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.

Í greinargerð Aðalskipulags Húsavíkurbæjar 2005-2025 kemur m.a. fram að:

- Stefnt sé að því að skapa svigrúm fyrir þróun atvinnutækifæra á sviði þar sem Húsavík hefur sérstöðu s.s. í ferðaþjónustu og í uppbyggingu iðnaðar og annarrar starfsemi sem byggja á auðlindum svæðisins, sérstaklega á jarðhita og góðri hafnaraðstöðu (þetta er í beinu samræmi við núverandi stefnu í byggðamálum).
- Komi stóriðja í Bakkalandi norðan við Húsavík verður orku veitt þangað frá væntanlegum orkuverum á háhitusvæðum í Þingeyjarsýslu, Kröflu, Bjarnarflagi Þeistareykjum og víðar, sem er utan marka Húsavíkurbæjar.
- Komi áætlanir um stóriðju í Bakkalandi til framkvæmda skulu háspennulínur staðsettar nánar.
- Akvegur, skilgreindur sem aðrir vegir, frá Húsavík um Grjótháls að Höskuldsvatni og þaðan áfram að Sæluhúsmúla, Reykjaheiðarvegur. Gert er ráð fyrir að flokkun Reykjaheiðarvegur verði breytt í landsveg, þegar hann tengir þéttbýlissvæði Húsavíkur við skipulagt útivistarsvæði/skíðasvæði við Höskuldsvatn og við Þeistareyki og hugsanlega Kelduhverfi.
- Grjót- og malarnám fari aðeins fram á fáum skipulögðum svæðum þannig að efnisþörf til bygginga, vegagerðar og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að óþörfu.



Mynd 1. Veitur og vegir. Þar sem við á er staðsetning auðkennd fyrir og eftir breytingu.

- Gert er ráð fyrir einu iðnaðarsvæði fyrir stóriðju innan sveitarfélagsins, í Bakkalandi. Lágmarksfjarlægð að núverandi íbúðarbyggð á Húsavík er um 2 km og að skipulagðri íbúðarbyggð nyrst í bænum er um 1,8 km. Á svæðinu er gert ráð fyrir stóriðju sem getur ekki rúmast nærri bæ vegna rýmisþarfar eða vegna hávaða, mengunar og annarra óþæginda.

Eins og fram kemur í greinargerð skipulagsbreytingarinnar mun síðasta málsgreinin hér að ofan breytast þar sem lágmarksfjarlægð frá núverandi íbúðarbyggð Húsavíkur stýttist í um 1,25 km og skipulagðri íbúðarbyggð nyrst í bænum í um 1 km.

Í greinargerð Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 kemur m.a. fram að:

- Með samþættingu ólíkra mannvirkja verði leitast við að halda umfangi neikvæðra umhverfisáhrifa í lágmarki og takmarka þau við ákveðnar og fáar leiðir. Stefna ber að því að háspennulínur liggi í meginatriðum meðfram eða í námunda við aðalvegi.
- Greið leið verði tryggð á milli virkjana og áfangastaða (Krafla-Gjástykki-Þeistareykir-Húsavík) með heilsársvegi. Finna þarf hagkvæma leið á milli staða en jafnframt taka tillit til landslags, staðháttanna og annarra mannvirkja. Núverandi vegir verði nýttir eftir því sem kostur er í því skyni.
- Við efnistöku skal gæta umhverfissjónarmiða sérstaklega. Nýta skal eftir föngum þær námur sem þegar eru opnar þar sem aðstæður leyfa.

Áætlanir aðliggjandi sveitarfélaga: Breytingar á legu Hólasandslínu 1 og Þeistareykjarlínu 1 eru á sveitarfélagamörkum Norðurþings og Þingeyjarsveitar. Stefna um legu línanna var samræmd með ofangreindri svæðisskipulagsáætlun. Ekki er um að ræða frekari breytingar sem ná yfir sveitarfélagamörk.

Auk ofangreindra skipulagsáætlana er í gildi viljayfirlýsing Norðurþings, Alcoa og ríkisstjórnar Íslands vegna undirbúnings að byggingu álvers við Húsavík.

Staðhættir

Í þeim hluta Norðurþings, þar sem fyrirhugaðar eru breytingar á Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025, er óbyggt land.

Landsvæðið er í um 200-400 m hæð þar sem það er hæst en liggur nær sjávarmáli er komið er áleiðis að Bakka. Svæðið er m.a. nýtt sem afréttur fyrir sauðfé bænda, til útivistar og landgræðslu.

Línuleið og vegstæði norðan Þeistareykja inn á skipulagssvæði Norðurþings einkennist af melagróðri og lyngmóum en hluti þess er afar gróðursnauður, þá sérstaklega í nágrenni við Höskuldsvatn. Er nær dregur Húsavíkurfjalli einkennist línuleið og vegstæði af blágrýtisklöppum og jökulruðningi. Hluti þessa svæðis er lítt eða ógróin en er nær dregur Bakka norðan Húsavíkur tekur við lyngmói og meiri gróður (VGK-Hönnun, 2008).

Iðnaðarsvæði við Bakka er að mestu fullgróið. Það einkennist af víðáttumiklu votlendi. Við gróðurúttekt á fyrirhugðu iðnaðarsvæði fundust ekki friðlýstar tegundir, tegundir á Válista eða sjaldgæfar tegundir á lands- og héraðsvísu. Ein tegund, brönugrös (*Dactylorhiza maculata*), var skráð sem er sjaldséð í Þingeyjarsýslum (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústdóttir, óbirt).

Umhverfisvernd og svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi

Bakkafjara og Bakkahöfði ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi eru á náttúruminjaskrá vegna sérkennilega rofinna sjávarkletta og bergganga fram undan höfðanum og lífríkis í fjörum og skerjum (Náttúruverndarráð, 1996). Iðnaðarlóð er óbreytt til vesturs en samkvæmt nágildandi skipulagi nær iðnaðarlóðin að hluta inn á það svæði sem afmarkað er á náttúruminjaskrá.

Háspennulínur, virkjunarvegur og efnistökusvæði eru innan svæða sem eru skilgreind sem grann- og fjarsvæði vegna vatnsbólís Húsavíkur í aðalskipulaginu.

Verndarsvæði og vatnasvið Mývatns og Laxár eru skilgreind í lögum nr. 97/2004. Breytingarnar ná ekki til verndarsvæðisins en háspennulínur, virkjunarvegur og efnistökusvæði eru innan vatnasviðsins.

Peistareykjahraun er nútímahraun og nýtur verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga (Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, 2007). Innan Norðurþings fer virkjunarvegur yfir hraunið suðaustan Höfuðreiðarmúla.

Votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka fellur undir skilgreiningu 37. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd mýra og flóa þar sem mýrin er yfir 3 ha að stærð (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt drög).

Mat á áhrifum

Hér á eftir verður greint frá hugsanlegum áhrifum vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Húsavíkurbæjar 2005-2025.

Náttúrufar

Viðmið

Markmið laga um náttúruvernd nr. 44/1999: Stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt.

Lög um náttúruvernd 37. gr. 1. mgr. Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er: a. eldvörp, gervigígar og eldhraun. c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.

4. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004: Forðast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.:Búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi.

Þynningarsvæði er skv. reglugerð um loftgæði nr. 787/1999 sá hluti viðtaka þar sem þynning mengunar á sér stað og ákvæði starfsleyfis fyrir iðnrekstur kveða á um að mengun megi vera yfir umhverfismörkum eða gæðamarkmiðum.

Áhrif

Ný mannvirki og efnistaka munu raska landi og breyta ásýnd. Votlendi innan iðnaðarsvæðis við Bakka og Peistareykjahraun njóta sérstakrar verndar.

Þynningarsvæði er innan iðnaðarsvæðis fyrir stóriðju.

Ný mannvirki og efnistökusvæði eru innan grann- og fjarsvæða vatnsbólís Húsavíkur og innan vatnasviðs Laxár.

Niðurstaða

Mannvirkjagerð veldur varanlegri röskun á landi og ný mannvirki breyta ásýnd þess. Það hefur varanleg neikvæð áhrif á náttúrufar að taka landsvæði sem njóta sérstakrar verndar undir mannvirki. Hve mikil áhrifin verða er háð útfærslu framkvæmda.

Efnistaka er nauðsynleg til að framfylgja stefnu um stóriðju með nýtingu háhita. Fyrirliggjandi námur munu ekki duga fyrir komandi framkvæmdir en samkvæmt stefnu aðalskipulagsins skal grjót- og malarnám aðeins fara fram á fáum skipulögðum svæðum þannig að efnisþörf sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að óþörfu. Við val á efnistökusvæðum var dregið úr áhrifum með því að staðsetja efnistökusvæði í nágrenni framkvæmdasvæða og huga að verndargildi og sýnileika. Níu af ellefu efnistökusvæðum hafa mjög hátt eða hátt verndargildi samkvæmt flokkunarkerfi Vegagerðarinnar vegna vatnsverndar. Ef horft er framhá vatnsvernd teljast allar námurnar hafa lágt eða mjög lágt verndargildi. Þessar jarðmyndanir njóta engrar sérstakrar verndar með tilliti til fegurðar, jarðmyndunar, gróðurs eða dýralífs og auðvelt er að hylja rask eftir efnistöku. Gróðurhula er slitrótt eða ekki til staðar nema í RHN-5 við Árnahvamm (Mannvit, 2008a og b).

Talið er að efnistaka og framkvæmdir sem hér er mörkuð stefna um muni hafa óveruleg áhrif á vatnsból eða vatnasvið Laxár þar sem framkvæmdir innan verndarsvæða vatnsbóla eru háðar sérstökum kvöðum og eftirliti skv. reglugerð um neysluvatn nr.536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. Framkvæmdirnar eru háðar mati á umhverfisáhrifum sem fer fram áður en framkvæmdaleyfi er veitt af hálfu sveitarfélagsins auk þess framkvæmdaraðili þarf að skila inn efnistökuáætlun.

Samkvæmt breytingartillögunni er þynningasvæði loftgæða fyrir álver eða aðra stóriðju innan iðnaðarsvæðis. Í starfsleyfum er þynningasvæði skilgreind nánar.

Hvert umfang áhrifa verður og hvort áhrifa mun gæta á aðra náttúrufarsþætti er ekki hægt að segja til um á þessu stigi. Því er vísað til mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Meningarminjar

Viðmið

Tilgangur Þjóðminjalaga nr. 107/2001, er að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

1. mgr. 10. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001, fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

Áhrif

Niðurstaða skráningar á minjum á iðnaðarlóð í Bakkalandi er að þar er að finna fornleifar sem kunna að raskast verði af framkvæmdum (Uggi Ævarsson, 2007a og 2007b).

Samkvæmt deiliskráningu fornleifa sem fram fór í september 2007 eru minjar í hættu á áhrifasvæði línustæðis. Matið byggist á fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu en ekki gerð fornleifa (Uggi Ævarsson, 2007c).

Niðurstaða

Farið hefur fram skráning á fornleifum. Samkvæmt þjóðminjalögum skal haft samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en fornleifum er raskað.

Talið er að áhrif á menningarminjar á iðnaðarlóð geti orðið varanleg neikvæð, en óvissa er um hvert umfang áhrifa verði af uppbyggingu nýrra mannvirkja. Jafnframt er óvissa um hvort áhrifa muni gæta á menningarminjar á áhrifasvæði háspennulína. Gerð er grein fyrir útfærslu framkvæmda og áhrifum þeirra í deiliskipulagi og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Samfélag

Viðmið

Eitt af meginmarkmiðum Aðalskipulags Húsavíkurbæjar 2005-2025 er að skapa svigrúm fyrir þróun atvinnutækifæra á sviði þar sem Húsavík hefur sérstöðu s.s. í ferðaþjónustu og í uppbyggingu iðnaðar og annarrar starfsemi sem byggja á auðlindum svæðisins, sérstaklega á jarðhita og góðri hafnaraðstöðu.

Samkvæmt raforkulögum nr. 65/2003 skal stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu.

Samkvæmt byggðaáætlun 2006-2009 er stefnt að því að landshlutakjarnar verði eflir en jafnframt hugað sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Áhrif

Uppbygging virkjunarvegjar bætir aðkomu að fyrirhuguðu útivistarsvæði við Höskuldsvatn og að háhitasvæði við Þeistareyki. Virkjunarvegur tengist vegakerfi Húsavíkurbæjar um Þverholt. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er það fyrirhugaður tengivegur sem tengir núverandi götur Þverholt og Stóragarð um Skógargerðismel, yfir Búðará sunnan við Hól og meðfram Reitnum. Gera má ráð fyrir aukinni umferð um Þverholt annars vegar tímabundið á framkvæmdatíma og hins vegar varanlega vegna betri vegar um Reykjaheiði að útivistarsvæðum.

Ný mannvirki breyta ásýnd sem getur haft áhrif á upplifun frá ferðaleiðum. Fjarlægð íbúðarbyggðar að iðnaðarsvæði við Bakka styttist vegna stækkunar þess til suðurs. Á þessu stigi er ekki unnt að meta áhrif frá starfsemi á iðnaðarsvæði þ.m.t. vegna hávaða eða mengunar. Það er gert á síðari stigum við gerð deiliskipulags og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Við leyfisveitingar verður tekið á mengunarvörnum og mengunarmörkum í samræmi við gildandi reglugerðir þar að lútandi.

Í niðurstöðu umhverfismats svæðisskipulags háhitasvæða kemur fram að samþykkt áætlunarinnar mun leiða af sér framkvæmdir sem muni veita störf vegna framkvæmda og því hafa tímabundin jákvæð en staðbundin áhrif á atvinnuframboð. Þegar virkjanir eru fullbyggðar munu standa eftir störf vegna reksturs og viðhalds, sem eru færri en á uppbyggingartíma þeirra. Jafnframt kemur fram að verði af áformum um álver á Bakka muni í heildina skapast um 550-700 störf á Norðausturlandi.

Niðurstaða

Fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar, að stuðla að atvinnu innan sveitarfélagsins og víðar á Norðausturlandi.

Efnistaka, uppbygging háspennulína og stóriðju breytir ásýnd og getur með því haft neikvæð áhrif á upplifun á áhrifasvæði breytinganna. Hvert umfang áhrifa verður er ekki hægt að segja til um á þessu stigi, það verður háð útfærslu framkvæmda og gerð grein fyrir því í mati á umhverfisáhrifum þeirra.

Uppbygging heilsársvegar frá Húsavík um Reykjaheiði og að Þeistareykjum hefur jákvæð áhrif á samgöngur með bættu aðgengi að útivistarsvæðum, náttúru- og menningarminjum sem mun gera fleirum mögulegt að njóta þeirra en í dag.

Umferð um Þverholt vegna uppbyggingar Reykjaheiðarvegjar, háspennulína og Þeistareykjavirkjunar er talin hafa tímabundin neikvæð áhrif á íbúðarbyggð aðlægt Þverholti vegna ónæðis af umferð ökutækja á framkvæmdatíma. Ekki er talið að ónæði vegna umferðar

um Reykjaheiðarveg að framkvæmdum loknum muni hafa áhrif á íbúðarbyggð í nágrenni Þverholts umfram það sem hlutverk hans gerir ráð fyrir.

Þar sem raforka er nauðsynleg rekstri orkufreks iðnaðar á Bakka er það talið hafa jákvæð áhrif á atvinnuframboð á Norðausturlandi að leggja háspennulínur frá háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum að iðnaðarsvæðinu við Bakka. Það samræmist markmiðum byggðaáætlunar og aðalskipulagsins.

Óbreytt landnotkun líkleg þróun án framfylgdar áætlunar

Ef áætlunin tekur ekki gildi mun:

- Aðalskipulag sveitarfélagsins ekki vera í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, sem sveitarstjórn samþykkti í nóvember 2007. Samkvæmt 7. mgr. 9. gr. skipulags- og byggingarlaga skulu svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir vera í innbyrðis samræmi.
- Ekki vera til staðar skilgreind efnistökusvæði vegna þeirra framkvæmda sem mörkuð hefur verið stefna um í aðalskipulaginu og svæðisskipulagi háhitasvæða.
- Iðnaðarsvæði við Bakka ekki rýma það álver sem er í undirbúningi eða ná yfir áætlað þynningarsvæði þess.
- Fornleifum ekki verða raskað á iðnaðarlóð á Bakka.
- Áhrif á atvinnuframboð verða neikvæð og mun þurfa að leita áfram að öðrum tækifærum til atvinnuuppbyggingar.
- Náttúran þróast áfram eftir eigin lögmálum samhliða þeirri landnotkun sem þegar hefur verið tekin inn á aðalskipulagið.

Mótvægisáðgerðir

Vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulaginu verði því beint til framkvæmdaaðila, í samræmi við 17. og 18. gr. landgræðslulaga að í stað auðlinda er felast í gróðri og jarðvegi, sem glatast við framkvæmdir er brýnt að framkvæmdaaðilar komi af stað gróðri og/eða hraði gróðurframvindu á lítt grónu eða örfokaland þannig að verði gróðurfarslega ígildi þess lands sem raskast. Samráð verði haft við Landgræðslu ríkisins og sveitarstjórn um fyrirkomulag landbóta og mat á árangri.

Vegna skerðingar á votlendi á iðnaðarsvæði við Bakka sem nýtur sérstakrar verndar verður því beint til framkvæmdaaðila að endurheimta jafnstórt votlendi og mun raskast í nágrenni Bakka.

Ef grípa þarf til frekari mótvægisáðgerða vegna einstakra framkvæmda verður það ákveðið á síðari stigum þegar fyrir liggur mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum þeirra.

Vöktun

Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun af hálfu sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulaginu.

Í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 eru sett fram áform um vöktun áhrifa á samfélag verði af þeim framkvæmdum sem þar er mörkuð stefna um.

Vöktun áhrifa vegna einstakra framkvæmda og/eða reksturs er háð áhrifamati í hverju tilfalli. Í ljósi niðurstöðu umhverfismats framkvæmda, og sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum framkvæmda í þessu tilfalli, munu framkvæmdaraðilar gera grein fyrir vöktun

umhverfisáhrifa vegna þeirra framkvæmda sem hér er mörkuð stefna um í viðkomandi matsskýrslum.

Heimildir

Aðalskipulag Húsavíkurbæjar 2005-2025. Unnið af Tækniþingi ehf. fyrir Húsavíkurbæ.

Alþingi, 2008. Lagasafn. www.althingi.is

Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, óbirt drög. Gróðurfar á framkvæmdasvæði við Bakka norðan Húsavíkur. Unnið af Náttúrustofu Austurlands fyrir HRV/Alcoa á Íslandi. NA-900087.

Iðnaðarráðuneytið, 2008. *Viljayfirlýsing um álver á Bakka við Húsavík framlengd* (fréttatilkynning). Sótt af: http://www.idnadarraduneyti.is/Forsida_IVR/nr/2636 þann 14. maí 2009.

Mannvit, 2008a. *Þeistareykjavegur, fyrirhuguð efnistökusvæði innan Norðurþings*. Minnisblað dags. 17. nóvember 2008. Unnið fyrir Landsnet.

Mannvit, 2008b. *Krafla/Húsavík. Orkuflutningsmannvirki, Norðurþing, fyrirhuguð efnistökusvæði*. Minnisblað dags. 25. nóvember 2008. Unnið fyrir Landsnet.

Náttúruverndarráð, 1996. *Náttúruminjasgrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar*. Reykjavík 7. útgáfa.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum, 2007. *Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025*. Unnið af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf, Náttúrustofu Norðausturlands og VGK-Hönnun hf.

Uggi Ævarsson, 2007a. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs álvers við Bakkahöfða*. Fornleifastofnun Íslands, FS359-07191.

Uggi Ævarsson, 2007b. *Fornleifaskráning vegna vegstæðis frá Húsavík að Bakkahöfða*. Fornleifastofnun Íslands, FS360-07192.

Uggi Ævarsson, 2007c. *Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda við línustæði og orkuvinnslustöðvar. Krafla-Gjástykki-Þeistareykir-Bakki*. Fornleifastofnun Íslands, FS366-07211.

VGK-Hönnun hf., 2008. *Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík. Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur, Þingeyjarsveit og Norðurþing*. Unnið fyrir Landsnet.

Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009.